

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Örvars og Þórhöllu.

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Örvars og Þórhöllu.

Hann var stofnaður til minningar um Örvar Arnarson sem fæddist í Reykjavík 20. nóvember 1972. Hann lést af slysförum í Flórída 23. mars 2013. Systir Örvars, Þórhalla Arnardóttir, sem fæddist á Vopnafirði 6. júlí 1964, hafði veg og vanda að stofnun sjóðsins.

Í kjölfar andláts Þórhöllu, sem lést á krabbameinsdeild Landspítalans 14. júlí 2022, var nafni sjóðsins og markmiði hans breytt til þess að endurspeglar að sjóðurinn er til minningar um bæði Örvar og Þórhöllu.

2. gr.

Heimili og varnarþing.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er að styðja við bakið á þeim sem missa ástvini á erlendri grundu með fjárhagslegri aðstoð vegna þess kostnaðar sem fellur til við flutning hins látna heim, í þeim tilvikum þegar engin önnur aðstoð er í boði, í minningu Örvars. Jafnframt að veita árlega styrk til nemanda sem útskrifast frá raungreinadeild Verzlunarskóla Íslands, í minningu Þórhöllu. Þá fellur það undir markmið sjóðsins að styrkja einstök málefni tengd fyrrgreindum meginmarkmiðum sjóðsins, þ.m.t. að styrkja ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein fjárhagslega ef það skortir fjárhagslegt bakland og veita fjárhagsstuðning þar sem þörf er á í tengslum við andlát þeirra sem hafa börn eða ungmenni á framfæri.

Komi til breytinga á lögum sem hafa það í för með sér að kostnaður við flutning látinna einstaklinga til landsins verði lagður á herðar lífeyrissjóða, opinberra stofnana, ríkissjóðs eða annarra lögadila, breytist markmið sjóðsins í samræmi við það. Verður nýtt markmið sjóðsins þá að aðstoða fólk fjárhagslega við að koma látnum ástvinum á leiðarenda innanlands, til dæmis frá Reykjavík til sinnar heimabyggðar. Með þessari aðstoð vill sjóðurinn halda minningu Örvars Arnarsonar og Þórhöllu Arnardóttur á lofti.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita fé úr sjóðnum í framangreindu skyni þegar hún sér ástæðu til, hvort sem er að eigin frumkvæði eða þegar umsóknir um aðstoð berast.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur minningarsjóðs um Örvar Arnarson, kt. 201172-4979 eru: Örn Karlsson, kt. 100544-4669; Ingibjörg Ósk Óladóttir, kt. 261245-5829; Ingólfur Arnarson, kt. 180552-4489 og Þórhalla Arnardóttir, kt. 060764-5819.

5. gr.

Stofnfé og tekjur.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.200.000. Fjárins var aflað með golfmóti til minningar um Örvar sem og framlögum ættingja, vina og velunnara Örvars. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggilegum hætti.

Tekjur sjóðsins eru arður og vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast, gjafir, áheit og fé sem safnast með viðburðum sem haldnir verða til minningar um Örvar. Öllum er heimilt að styrkja sjóðinn með fjárframlögum.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur stjórnarmönnum, skipuðum til 5 ára í senn og geta stjórnarmenn gefið kost á sér til áframhaldandi setu eða skipað sér eftirmenn. Seta í stjórn miðast alltaf við 5 ár. Fráfarandi stjórn skal við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við úthlutanir úr sjóðnum þarf samþykki allra stjórnarmanna en við aðrar ákvarðanir ræður einfaldur meirihluti. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir störf sín.

7. gr.

Reikningsár og endurskoðendur.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til þar næstu áramóta eftir stofnun hans. Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

8. gr.

Breytingar, slit og starfsemi.

Breytingar á skipulagsskrá þessari mega fara fram ef allir stjórnarmenn eru sammála um breytingar á henni. Jafnframt skal leita samþykkis sýslumannsins á Norðurlandi vestra fyrir breytingunum.

Verði sjóðnum slitið skal eignum hans varið til málefna sem skyld eru hinu upprunalega markmiði sjóðsins. Skulu allir stjórnarmenn sammælast um val á því málefni og skal úthlutun eignanna lokið áður en til slita kemur.

Um starfsemi sjóðsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

9. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari. Við staðfestingu á skipulagsskrá þessari fellur úr gildi skipulagsskrá nr. 602/2014.

Samþykkt á fundi stjórnar Minningarsjóðs Örvars og Þórhöllu í Reykjavík 6. mars 2023.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 19. júní 2023,

Grímur Rúnar Lárusson.

Auður Steingrímsdóttir.